

Sp.

146. Fyrirspurnir.

[113. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um samninga um landhelgina.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Standa yfir samningar um landhelgina og löndunarbannið milli Íslands og Bretlands, þannig að þetta tvennt sé tengt saman?
2. Er nokkur fótur fyrir staðhæfingu brezka blaðsins Fishing News, að þegar hafi verið gerðir samningar um breytingar á fiskveiðatakmörkunum og niðurfellingu löndunarbannsins?
3. Er hugsanlegt, að ríkisstjórnin semji um landhelgismálið án þess að láta þjóðina vita af því áður?

II. Til utanríkisráðherra um fyrirætlanir bandaríska herliðsins á Íslandi.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Standa yfir eða hafa verið gerðir samningar við bandaríska herliðið um Njarðvíkurhöfn?
2. Mundi ríkisstjórnin ljá máls á því að afhenda Bandaríkjamönnum fleiri radarstöðvar á Íslandi en þegar hefur verið gert?